



Fræðslusvið Reykjanessbæjar auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr nýsköpunar- og þróunarsjóði fyrir leik- og grunnskóla.

Fræðslusvið Reykjanessbæjar auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr nýsköpunar- og þróunarsjóði sviðsins. Markmið með sjóðnum er að stuðla að nýsköpun, framþróun og öfluglu innra starfi leik- og grunnskóla í Reykjanessbæ. Skólastjórar, kennarar og aðrir fagaðilar í leik- og grunnskólum Reykjanessbæjar geta sótt um í sjóðinn. Einnig er hægt að sækja um í sjóðinn fyrir samstarfsverkefni milli skóla eða skólastiga.

Til úthlutunar fyrir skólaárið 2021 - 2022 eru 10 milljónir.

Áherslupættir Nýsköpunar- og þróunarsjóðs fyrir skólaárið 2021-2022:

Heilbrigði og velferð: Samkennd, stuðningur og virðing efla heilbrigði og vellíðan og miklu skiptir að eiga samleið með öðrum, njóta viðurkenningar og geta tilheyrt hópnum. Með félagsfærniþjálfun, sjálfseflingu, trú á eigin getu, núvitund og heilsusamlegum lífnaðarháttum má efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan í öllu skólastarfi. Með því að sinna vel þessum þáttum í skólastarfinu er ýtt undir heilbrigði og velferð allra barna og unglinga.

Læsi allra mál: Markviss vinna með tungumálið til að efla læsi, lesskilning, tjáningu, orðaforða og ritun í því skyni að auka ánægju af lestri. Það má til að mynda gera með snemmbærum stuðningi, fjölbreyttum kennsluaðferðum, áhugahvetjandi verkefnum og með því að glæða ævintýraheim bókanna auknu lífi.

Gæða menntun fyrir alla: Að búa öllum nemendum fjölbreytt og sveigjanlegt námsumhverfi þannig að þeir hafi aðgang að bestu mögulegu námstækifærum. Gæða menntun byggir meðal annars á framsæknum kennsluháttum, teymiskennslu og náms- og kennsluaðferðum sem ýta undir samvinnu, ímyndunarafli og sköpunarkraft nemenda.

Einnig er hægt að sækja um styrki til verkefna sem styðja við skólanámskrá og sérstöðu hvers skóla.

Tekið verður á móti umsóknum frá kl. 8:00 þriðjudaginn 6. apríl til kl. 16:00 föstudaginn 16. apríl 2021 og verður þeim svarað fyrir mánudaginn 10. maí.

Frekari upplýsingar veita:

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, haraldur.a.einarsson@reykjanessaer.is

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi, ingibjorg.b.hilmarsdottir@reykjanessaer.is

Reglur:

[Reglur nýsköpunar- og þróunarsjóðs](#) fræðslusviðs Reykjanessbæjar eru aðgengilegar á heimasíðu Reykjanessbæjar.

Eyðublað:

[Umsókn um styrk úr nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðslusviðs Reykjanessbæjar](#)

Mánudaginn 8. júní 2020 var skrifað undir samninga við 12 leik- og grunnskóla vegna 19 verkefna sem fengu úthlutað styrk úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðsluviðs fyrir yfirstandandi skólaár. Alls var úthlutað fyrir 9.270.000 kr.

Verkefnin sem hlutu styrk og hafa verið í vinnslu skólaárið 2020-2021:

Heimspeki með börnum	Akur	500.000 kr
Sáum fræjum lestrar í Akurskóla	Akurskóli	1.100.000 kr
Núvitund jóga í vettvangsferðum	Gimli	1.100.000 kr
Sjálfið mitt	Háaleitisskóli	285.000 kr
Brosandi börn	Heiðarskóli	300.000 kr
Teymiskennsla í Heiðarskóla	Heiðarskóli	350.000 kr
Tækni og nýsköpun í starfi Heiðarskóla	Heiðarskóli	350.000 kr
Tækifæri til náms í skapandi umhverfi	Holt	560.000 kr
Hugur og heilsa	Holtaskóli	200.000 kr
Samleikur - Framtíðarsýn á samþættingu námsgreina	Holtaskóli	350.000 kr
Vaxtarhugarfar, hugarfar og vellíðan í skólastarfi	Holtaskóli	350.000 kr
Forritun fyrir krakka	Myllubakkaskóli	635.000 kr
Rannsóknarkennslustundir í skólastarfi	Myllubakkaskóli	500.000 kr
Forskot til framtíðar - Forritun	Njarðvíkurskóli	450.000 kr
Í takt við tímann og hvað svo	Njarðvíkurskóli	450.000 kr
Stafræn tækni í leikskóla	Stapaskóli	200.000 kr
Teymiskennsla í Stapaskóla	Stapaskóli	420.000 kr
Jafnvægi og vellíðan	Vesturberg	520.000 kr
Foreldrasamstarf og læsi	Völlur	650.000 kr

Það er von okkar að Nýsköpunar- og þróunarsjóður ýti enn frekar undir nýsköpun og þróunarstarf í skólunum okkar.